| Kennari | Kristján Þ Kristinsson | Sk.st. | KÞK |
|---|---|---|---|

## Áfangalýsing

## TIG 133 TIG-suða

**Undanfari:** HSU 102, 202 **Samhliða:** HSU 302 **Æskileg námsönn:** 6.
Nemendur læra að undirbúa og sjóða TIG-suðu á kol- og kolmangan stáli og ryðfríu stáli svo þeir geti soðið efnisþykktir 1 – 3 mm í plötu með gegnumsuðu frá annarri hlið í suðustöðum PA, PC og PF samkvæmt gæðaflokki C (ÍST EN 25817). Þeir læra að sjóða rör í láréttri og lóðréttri stöðu og þekkja notkun bakgasbúnaðar. Ennfremur verða þeir færir um að skipuleggja suðuverkefni m.t.t. krafna um gæði, öryggi og umhverfi. Nemendur geta soðið eftir suðuferlislýsingum.

## Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **þekkja:**

gastegundir og gasblöndur sem notaðar eru við suðu á ryðfríu stáli
bakgas og bakgasbúnað
hlutverk hlífðargassins og réttar stillingar þess mismunandi gerðir rafskauta
alla hluta suðubyssunnar og leiðara virkni suðutækja
ljósbogann og mismunandi straumferla háspennu og hátíðnitækni í TIG-suðuvélum
aðferðir við hreinsun á yfirborði suðu
öryggismál:
öryggisreglur varðandi hreinsiefni
- helstu hættur og varúðarráðstafanir vegna geislunar, hita, reyks, ósonmyndunar og eldfimra efna hlífðarfatnað og hlífar

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **geta:**

stillt suðutækin þannig að henti efni og suðurauf
valið vír á eigin spýtur m.t.t. efnis og suðuraufar
stillt gasflæði, valið gashulsu og skaut m.t.t.efnis og straumstyrks
soðið í suðustöðum PA, PC og PF í plötu
soðið rör í láréttri og lóðréttri stöðu
soðið eftir suðuferlislýsingum
mælt og skráð viðeigandi upplýsingar varðandi suðuverkefnið, straumstyrk, raufarstærð og aðrar upplýsingar fyrir suðuferlislýsingar
sinnt viðhaldi fylgibúnaðar suðuvéla
uppfyllt reglur um öryggismál

## Námsgögn:

Kennslubók í Tig suðu. Útgefandi Iðan fræðslusetur 2007.
Ljósrit frá kennara.
Fræðslumyndbönd um Tig suðu.
Málmsmíði. Kennslubók frá IÐNÚ. Útg.2011.

**Áætlun um yfirferð:**

| Vika | Yfirferð og verkefni |
|---|---|
| 2 | **TIG suða:** Sýning á myndbandi frá framleiðanda TIG-suðuvéla, farið yfir stillingar á vélum, hlífðargasi og öryggisþætti. |
| 3 til 5 | **TIG suða:** Nemendur gegnumsjóða 3mm járnplötur öðrumegin frá í suðustöðum: PA - BW, PC – BW og PF – BW. **Áfangapróf 1 í áðurnefndum suðustöðum** |
| 6 til 8 | **TIG suða:** Nemendur sjóða lárétta stúfsuðu í I-rauf. Lárétta kverksuðu og utan á horn í ryðfrítt efni 0,8 til 2 mm. **Áfangapróf 2 í áðurnefndum suðustöðum** |
| 9 til 15 | **TIG suða:** Nemendur sjóða 2"rör járn og ryðfrí í suðustöðum PF og HL-045. **Áfangapróf 3 í áðurnefndum suðustöðum** |
| 16-17 | **TIG suða**: Upprifjun á efni annarinnar |

**Námsmat og vægi námsþátta:**

| Námsmat | Lýsing | Vægi |
|---|---|---|
| Frammistaða á önn | Áfangapróf 1=25%<br>Áfangapróf 1=25%<br>Áfangapróf 1=40%<br>Vinnusemi og umgengni 10% | 75% |
| Verklegt | Verklegt próf í lok áfangans. | 25% |
| Leyfð hjálpargögn í prófi | Öll almenn suðu- og smíðatól. | |

**Annað:**

- Í upphafi tíma er gjarnan farið yfir verkefni dagsins og aðra mikilvæga þætti viðkomandi náminu. Það er því áríðandi að nemandi mæti á réttum tíma svo komast megi hjá óþarfa endurtekningum.
- Ef nemandi yfirgefur verkstæði áður en tiltekt lýkur eða tekur ekki þátt í frágangi fær hann F (fjarvist) fyrir síðustu kennslustund.
- Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður "tuskudagur" þar sem hver áfangi tekur þátt í að þrífa vélar, tæki og verkstæði.

**Dagsetning:**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**